

GJALDSKRÁ

**Heilbrigðiseftirlits Garðabæjar, Hafnarfjarðar, Kópavogs, Mosfellsbæjar
og Seltjarnarnesbæjar vegna leyfisveitinga, eftirlits
og annarrar gjaldskyldrar starfsemi.**

Matvælaeftirlit.

1. gr.

Fyrir gjaldskylda starfsemi sem háð er leyfum eða eftirliti heilbrigðisnefndar samkvæmt lögum um matvæli nr. 93/1995 ber fyrirtækjum, einstaklingum og lögaðilum að greiða gjöld í samræmi við gjaldskrá þessa og fer um innheimtu samkvæmt henni.

2. gr.

Gjald fyrir reglubundið eftirlit með fyrirtækjum sem hafa verið áhættuflokkuð og falla undir opinbert eftirlit heilbrigðisnefnda fer samkvæmt áhættu- og frammistöðuflokkunarkerfi samkvæmt lögum um matvæli sbr. lagabreytingu nr. 33/2018. Gjald fyrir reglubundið eftirlit með fyrirtækjum sem ekki hafa verið áhættuflokkuð nemur fastri fjárhæð í samræmi við viðauka með gjaldskrá þessari. Greiða skal fyrir hverja eftirlitsheimsókn.

Hollustuhættir og mengunarvarnir.

3. gr.

Fyrir gjaldskylda starfsemi sem háð er leyfum eða eftirliti samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir er heimilt að innheimta gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari. Um álagningu eftirlitsgjalda fer samkvæmt viðauka og 11 og 12. gr. gjaldskrár þessarar.

4. gr.

Tóbaksvarnir.

Fyrir gjaldskylda starfsemi sem heilbrigðisnefnd ber að hafa eftirlit hjá með vísun til 8. gr. laga um tóbaksvarnir nr. 6/2002 ber fyrirtækjum, einstaklingum og lögaðilum sem leyfi hafa til að selja tóbak í smásölu að greiða gjöld í samræmi við gjaldskrá þessa. Um álagningu eftirlitsgjalda fer samkvæmt viðauka og 11. gr. og 12. gr. gjaldskrár þessarar.

5. gr.

Um meðhöndlun úrgangs.

Vegna eftirlits sbr. 9. gr. laga um meðhöndlun úrgangs nr. 55/2003, og eftirlits með atvinnurekstri sem heilbrigðisnefndir gefa út starfsleyfi fyrir, sbr. 2. mgr. 14. gr. sömu laga er heimilt að innheimta gjald samkvæmt 9. og 10. gr. gjaldskrár þessarar.

6. gr.

Tímagjald	kr. 18.500
Sýnatökugjald samkvæmt eftirlitsáætlun vegna mælinga örvera og einfaldrá eðlisfræðilegra mælinga.	kr. 19.000

7. gr.

Af leyfisskyldri starfsemi sbr. 1., 2., og 3. gr. gjaldskrár þessarar er heimilt að innheimta gjald fyrir leyfi eins og hér segir:

Endurútgáfa eða endurnýjun leyfis:	eitt og hálf tímagjald
Auk auglýsingakostnaðar ef við á,	

Nýtt leyfi: tvöfalt tímagjald
Auk eftirlitsgjalds og auglýsingakostnaðar ef við á

Önnur leyfi: tvöfalt tímagjald
Leyfisgjald
og gjald skv. reikningi vegna undirbúnings, ferðar,
úttektar og frágangs ásamt auglýsingakostnaði ef við á.

8. gr.

Fyrir vottorð sem Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis gefur út samkvæmt fyrir-
liggjandi gögnum skal greiða tvöfalt tímagjald.

9. gr.

Ef um aukin eftirlitsverkefni er að ræða, umfram reglubundið eftirlit og/eða sýnatöku sem gert er
ráð fyrir í eftirlitsáætlun er heilbrigðiseftirlitinu heimilt að gera sérstakan reikning.

10. gr.

Vegna beitingar þvingunarúrræða skv. XVII. kafla laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og meng-
unarvarnir, XI. kafla laga nr. 93/1995 um matvæli og XII. kafla laga nr. 55/2003 um meðhöndlun
úrgangs skal innheimta fyrir kostnaði eins og um aukin eftirlitsverkefni sé að ræða. Heimilt er að láta
vinna verk á kostnað hins vinnuskylda ef tilmæli um framkvæmd eru vanrækt. Útlagður kostnaður er
þá greiddur til bráðabirgða af heilbrigðisnefnd, þar sem hún fer með eftirlit.

Útlagður kostnaður af framkvæmd, vegna vinnu eftirlits við framkvæmd og við innheimtu
kostnaðar innheimtist hjá viðkomandi.

11. gr.

Gjaldskrá þessi er samin með heimild í 46. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunar-
varnir og 25. gr. laga nr. 93/1995 um matvæli. Aðildarsveitarfélögin annast innheimtu árlegra eftirlits-
gjalda. Heilbrigðiseftirlit Garðabæjar, Hafnarfjarðar, Kópavogs, Mosfellsbæjar og Seltjarnar-
ness innheimtir önnur gjöld s.s. fyrir leyfi, vottorð, matvælaeftirlit, tóbakseftirlit og aukin eftirlitsverkefni.
Gjöld samkvæmt gjaldskránni má innheimta með fjárnámi.

12. gr.

Gjalddagi árlegra eftirlitsgjalda samkvæmt 2. og 3. gr. er 1. mars og eindagi 1. apríl ár hvert en
annarra gjalda er útgáfudagur reiknings og eindagi 14 dögum síðar. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga
sému gjöldin ekki greidd á eindaga auk áfallins innheimtukostnaðar.

13. gr.

Þegar sami aðili rekur fleiri en eina tegund starfsemi sem fellur undir gjaldskrá þessa, á einum og
sama stað, skal eftir eðli og umfangi starfseminnar leggja saman eftirlitsgjöld vegna viðeigandi
starfsemi. Heimilt er þó að innheimta eitt árlegt eftirlitsgjald, þá í þeim flokki sem hæstur er ef aukning
umfangs í eftirliti er óveruleg.

14. gr.

Innheimt gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari skulu renna til reksturs heilbrigðiseftirlitsins.

15. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samþykkt er af bæjarstjórn Garðabæjar 21. október 2021, bæjarstjórn
Hafnarfjarðarkaupstaðar 12. janúar 2022, bæjarstjórn Kópavogsbæjar 14. desember 2021, bæjarstjórn
Mosfellsbæjar 12. janúar 2022 og bæjarstjórn Seltjarnar-
nessbæjar 9. febrúar 2022, með vísun til
ákvæða 46. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum, 21. gr.

laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og 25. gr. laga nr. 93/1995 um matvæli, með síðari breytingum, staðfestist hér með til að öðlast gildi við birtingu. Um leið fellur úr gildi gjaldskrá nr. 1371/2020 fyrir matvæla-, heilbrigðis- og mengunarvarnaeftirlit í Garðabæ, Hafnarfirði og Kópavogi og gjaldskrá nr. 1270/2020 fyrir heilbrigðis- og mengunarvarnaeftirlit á svæði Heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis.

Garðabæ, 10. febrúar 2022.

F.h. heilbrigðisnefndar Garðabæjar, Hafnarfjarðar,
Kópavogs, Mosfellsbæjar og Seltjarnarness,

Hörður Þorsteinsson framkvæmdastjóri.

VIÐAUKI

Heiti atvinnugreinar	Eftirlits- og sýnagjald kr.
Akstursípróttasvæði og/eða akstursæfingabraut	55.500
Alifuglarækt < 40.000 stæði	50.875
Alifuglasláturhús	148.000
Apótek	37.000
Áfengisverslun og heildverslun	13.875
Bakarí og veitingasala	157.750
Bakarí, brauðgerð, framleiðsla á kökum, lítil	83.500
Bakarí, framleiðsla á brauði, sætabrauði og kökum	120.750
Bensinstöð - sjálfvirk	92.500
Bensinstöð - þjónustustöð	120.250
Bílgrein - bifreiðasprautun	55.500
Bílgrein - hjólbarðaverkstæði	18.500
Bílgrein - réttingaverkstæði	27.750
Bílgrein - ryðvörn o.þ.h.	92.500
Bílgrein - smurstöð, þvotta- og bónstöð	55.500
Bílgrein o.fl. verkstæði fyrir þungavinnutæki o.þ.h.	111.000
Bílgrein o.fl. - verkstæði fyrirtækis	46.250
Bílgrein o.fl. geymsla og viðgerðir, lítið umfang	18.500
Bílgrein, bifreiða- og vélaverkstæði, margþætt starfsemi	97.125
Bílgrein, bifreiða- og vélaverkstæði	55.500
Bílgrein, lítil bifreiða- og vélaverkstæði	32.375
Bílgrein, lítil bónstöð, viðgerðaraðstaða o.þ.h.	27.750
Bílgrein, margþætt starfsemi	129.500
Bílgrein, partasala > 3 stæði	55.500
Bílgrein, tækjageymsla með oliubirgðum	55.500
Þjórgerð	83.250
Brenna	55.500
Daggæsla í heimahúsi með > 6 börn	32.375
Dvalar- og hjúkrunarheimili, með mótuneyti	167.000
Dvalarheimili á sviði þroskahömlunar og geðheilbrigðis	32.375
Dýragarður	27.750
Dýrahótel	27.750
Dýralæknastofa	27.750
Efnalaug og/eða þvottahús	64.750
Eggjabú	55.500
Endurhæfing, sundlaug	120.750
Endurnýting úrgangs, flokkaðra efna	101.750
Endurnýting úrgangs, niðurrif á ónýtum hlutum	101.750
Fangageymsla	23.125
Fangelsi	74.000
Fiskbúð	93.000
Fiskverkun - almenn	92.500
Fiskverkun, sérhæfð s.s. þurrksvæði	111.000
Flugvöllur með eldsneytisafgreiðslu	55.500
Flutningur á seyru	37.000
Fótaaðgerðarstofa	27.750
Framleiðsla á byggingarefni úr steinsteypu	92.500
Framleiðsla á umbúðaplasi	64.750

Heiti atvinnugreinar	Eftirlits- og sýnagjald kr.
Framleiðsla á vörum sem koma í snertingu við matvæli	101.750
Framleiðsla dýrafóðurs	37.000
Framleiðsla eða pökkun á korni	111.500
Framleiðsla eimaðra áfengra drykkja	111.500
Framleiðsla matvöru til matvælavinnslu	111.500
Framleiðsla tilbúinnar steinsteypu	101.750
Framleiðsla, átöppun neysluvatns	130.000
Garðaúðun, aðstaða	27.750
Gasbirgðastöð með > 100 m ³ geymslurými (STP)	83.250
Gámastöð	27.750
Gisting, fjallaskáli. Flokkur II, III og IV	23.125
Gisting, starfsmannabústaður, starfsmannabúðir	27.750
Gisting, gistiheimili. Flokkur II	32.375
Gisting, hótél, veitingasala. Flokkur III og IV	148.500
Gleriðnaður	55.500
Grjótnám	37.000
Gæludýraverslun	27.750
Gæsluvöllur og/eða opin leiksvæði	32.375
Hafnartankur, eldsneytisafgreiðsla	37.000
Hárgreiðslu- og snyrtistofa	27.750
Heilsugæslustöð	27.750
Heilsuræktarstöð	55.500
Heilsuræktarstöð, heitir pottar, baðstofa	130.000
Heilsuræktarstöð, takmarkað umfang	27.750
Heimili með félags- og/eða heilbrigðisþjónustu	32.375
Hestahald, hesthúsahverfi	13.875
Hestaleigur, reiðskólar, hestaíþróttir	27.750
Hitaveita úr lághita	24.420
Hreinlætisvörur, pökkun efnasambanda	101.750
Húðflúrstofa	55.500
Húðgötun	27.750
Íþróttahús	92.500
Íþróttahús, heitur pottur	130.000
Íþróttahús, takmarkað umfang	55.500
Íþróttavöllur	55.500
Jarðboranir	37.000
Jógastofa, heilun, fræðslustarfsemi o.fl.	27.750
Kaffibrennsla	41.625
Kaffihús án viðkvæmra veitinga	27.750
Kertaverksmiðja	13.875
Krá, kaffihús og dansstaðir o.þ.h.	64.750
Krydd-, bragðefna- og/eða matvælaframleiðsla og pökkun	92.500
Kæli- og frystigeymsla	27.750
Leikhús	27.750
Leikskóli (án mótuneytis)	74.000
Leikskóli með mótuneyti	92.500
Litun og bleiking < 10 tonn á dag	92.500
Loðdýrabú	55.500
Læknahús, röntgen, aðgerðastofa	32.375
Læknastofa	27.750

Heiti atvinnugreinar	Eftirlits- og sýnagjald kr.
Malar- og sandnám; efnistaka á vatnsverndarsvæði	129.500
Matjurtarækt fræ, baunaspirum eða þ.h.	120.750
Matsölustaður, veitingastofa takmarkað umfang	74.000
Matsölustaður, veitingahús	120.750
Matvælaframleiðsla og pökkun (framl. tilbúinna rétta)	130.000
Matvælaframleiðsla, takmarkað umfang	46.250
Matvörudreifing frá vöruhótelum	32.375
Matvörudreifing með vörugeymslu	46.250
Matvöruverslun án vinnslu	74.000
Matvöruverslun með vinnslu	167.000
Matvöruverslun með vinnslu, takmarkað umfang	93.000
Matvöruverslun minniháttar s.s. heildverslun	37.000
Matvöruverslun, takmarkað umfang	37.000
Málmiðn, sandblástur	50.875
Málmiðn, blikksmiði með lítið umfang	27.750
Málmiðn, spennaviðgerðir	50.875
Málmiðn, vélsmiða- og vélaviðgerðaverkstæði	41.625
Málmiðn, flotkví, skipaviðgerðir og tengdur rekstur	115.625
Málmiðn, járn-, ál- og stálsmiðja	50.875
Málmiðn, kælítækjapjónusta, viðgerðir og nýsmíði	50.875
Málmsteypa < 20 tonn á dag	50.875
Meðferð og húðun málma	92.500
Meindýraeyðing	13.875
Móttaka á úrgangi til endurnýtingar	101.750
Móttaka brotamálms	203.500
Mötuneyti með móttökueldhúsi	83.750
Mötuneyti, fullbúið eldhús	102.250
Mötuneyti, takmarkað umfang	64.750
Nuddstofa	25.438
Pappírsvöru- og pappakassaframleiðsla	32.375
Plastiðnaður, framl. á umbúðaplasi vegna matvæla	83.250
Plastiðnaður, trefjaplast	50.875
Prentiðnaður	30.063
Pökkun og framleiðsla á sápuefnum o.þ.h.	64.750
Rafgeymaverksmiðja og verkstæði	30.063
Rafvélaverkstæði	30.063
Reykhús, kjötiðn, mjólkuriðn eða niðursuða	41.625
Ræktun grænmetis og garðplöntuframleiðsla	37.000
Samkomusalur með veitingum	46.250
Samkomusalur s.s. sýningarsalir, kirkjur eða þ.h.	23.125
Sjúkraþjálfun, endurhæfing o.þ.h.	27.750
Skemmtistaður, án matsölu	27.750
Skíðaskáli, skíðasvæði, lyftur og viðgerðaraðstaða	111.000
Skotvöllur	46.250
Skólahúsnaði, dans-, öku- og tónlistarskóli o.þ.h.	16.188
Skólahúsnaði, framhaldsskólastig	27.750
Skólahúsnaði, framhaldsskólastig, mötuneyti	139.250
Skólahúsnaði, framhaldsskólastig, verkmenntun	139.250
Skólahúsnaði, grunnskóli án mötuneytis	50.875
Skólahúsnaði, grunnskóli með mötuneyti	139.250

Heiti atvinnugreinar	Eftirlits- og sýnagjald kr.
Skólphreinsistöð > 10.000 pe og afrennsli til strandsjávar	92.500
Skólphreinsistöð, rotþró o.þ.h.	74.000
Skólphreinsistöðvar, aðrar	46.250
Smáhýsi eða matsöluvagn (matvörudreifing)	64.750
Smásala á innpökkuðu sælgæti o.þ.h.	11.563
Snyrtistofa	27.750
Snyrtivöruframleiðsla, verksmiðja	101.750
Sorpflutningur og sorphirða	60.125
Sólbaðstofa	64.750
Spennistöð	30.063
Spilliefnamóttaka og flutningur spilliefna	39.313
Steinsmiði	55.500
Steinsmiði, minni háttar	27.750
Sultu- og ávaxtagroutargerð	111.500
Sumarbúðir	55.500
Sund- og baðstaður	428.000
Sund- og baðstaður, takmarkað umfang	232.250
Súkkulaði- og sælgætisgerð	120.500
Sölutjöld og sjálfsalar	9.250
Tannlæknastofa	50.875
Te- og kaffipökkun	32.375
Tjaldstæði, þ. á m. hjólhýsastæði	50.875
Tóbakssala - verslun	55.500
Trésmiðja - innréttingaverksmiðja	55.500
Trésmiðja - án lökkunar eða lítið umfang	27.750
Varaaflostöð með olíubirgðum < 1.600 l	32.375
Varaaflostöðvar með olíubirgðum > 1.600 l	64.750
Vatnsveita án vatnsbólís > 5.000 íbúar	949.500
Vatnsveita án vatnsbólís 1.000 - 5.000 íbúar	316.500
Vatnsveita og vatnsból 25.001 - 30.000 íbúar	1.842.500
Vatnsveita og vatnsból 30.001 - 50.000 íbúar	2.093.750
Vatnsveita og vatnsból, einka	46.750
Vatnsveita og/eða vatnsból < 1.000 íbúar	83.750
Veisluþjónusta, greiðasala og sala á tilbúnum mat	93.000
Veitingastaðir	120.750
Veitingastofa, s.s. ísbúð o.þ.h.	93.000
Verslun, brauð- og kökusala, veitingastofa	83.750
Verslunarmiðstöð	74.000
Vinnsla með plast- og frauðefni	32.375
Vinnsla með trefjaplast	101.750
Vistheimili	37.000
Vöruafgreiðsla	74.000
Vörugeymsla, dreifing efna í snertingu við matvæli	27.750
Vöruhótel	74.000